HAFNARFJÖRÐUR

19. febrúar 2019

**Öryrkjabandalag Íslands**
**Þuríður Harpa Sigurðardóttir**
**Sigtún 42**
**105 Reykjavík**

**Varðandi fyrirspurn frá Öryrkjabandalagi Íslands um notendaráð fatlaðs fólks sem barst þann 18. febrúar 2019 þar sem spurt var:**

1. Hefur sveitafélagið skipað í notendaráð eftir að lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir voru sett?
   1.1 Ef svo er, hvernig er skipan notendaráðsins sett?
   1.2 Ef ekki, hvenær og hvernig er áætlað að skipa í ráðið?
2. Hvert er áætlað hlutverk notendaráðsins? Að hvaða ákvarðanatökum mun notendaráðið koma og þá með hvaða hætti?

**Svar við fyrirspurn**

1. **Skipan**
   - Notendaráð hefur verið starfrækt í Hafnarfirði frá því 2012 og ráðið starfað síðan. Síðast var skipað í ráðið árið 2018. Skipað er í ráðið tvö ár í senn en óskað er eftir tilnefningum í ráðið frá Þroskahjálp og Öryrkjabandalaginu. Ráðið er skipað fötluðu fólki sem býr í Hafnarfirði eða talsmönnum þeirra.
   - Þroskahjálp tilnefnir 2 fulltrúa og 2 til vara sem eru annarsvegar úr hópi foreldra og hinsvegar úr hópi notenda og Öryrkjabandalagið tilnefnir 2 fulltrúa og 2 til vara. Öllum í notandaráði er velkomið að sitja alla fundi bæði aðalmenn og varamenn en með þeim starfar einn starfsmaður Hafnarfjarðarbæjar.

HAFNARFJÖRÐUR

**2. Hlutverk og tilgangur**

Hlutverk ráðsins er:

Að fötluðu fólki verði gert kleift að hafa áhrif á og taka þátt í skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og öðrum hagsmunamálum sínum í Hafnarfirði. Að vera ráðgefandi fyrir bæjaryfirvöld og stofnanir bæjarins. Að vera talsmaður fatlaðra bæjarbúa og stuðla að jafnrétti þeirra á við aðra. Að fylgjast með stefnumótun og þróun hugmyndafræði er varða réttindi fatlaðs fólks og vera þannig leiðandi í framþróun málefna þess. Að hafa samráð við hagsmunasamtök og íbúa í Hafnarfirði.

Ráðgjafarráð getur óskað eftir fundi með ráðum og nefndum, og ráð og nefndir geta óskað eftir fundi með notendaráði. Ráðið á að vera ráðgefandi varðandi stefnumótun um málefni fatlaðs fólks á svæðinu. Ráðið tekur til umfjöllunar þau málefni sem koma frá fjölskylduráði m.a. alla stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks. Ráðið getur lagt til mál að eigin frumkvæði. Ráðið ræðir þær ábendingar og tillögur sem koma frá notendum þjónustunnar, þó ekki er varða einstaklingsmál.

Unnið af Hrönn Hilmarsdóttur
Deildarstjóri þróunar- og reksturs í málefnum fatlaðs fólks.

Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri Fjölskyldubjónustu Hafnarfjarðar.